Námsáætlun

Kennari:	**Garðar Vilhjálmsson**
Áfangi/fag:	**BÓKF1FB05**

Stutt lýsing

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi.

Forkröfur: Enginn undanfari

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds.
- hinum fjórum grundvallarlyklum bókhalds, eignir, skuldir, gjöld og tekjur.
- muninum á efnahags- og rekstrarreikningi.
- hugtökunum birgðir, álagning, vextir, kostnaðarverð seldra vara, afskriftir, söluhagnaður.
- flutningsskilmálunum FOB og CIF.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- hefja bókhald með hliðsjón af fyrirliggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis.
- stilla upp prófjöfnuði.
- gera einfaldar dagbókarfærslur.
- stilla upp einföldum efnahags- og rekstrarreikning.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- geta gert upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil.
- geta gert lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrirfram og ógreiddan kostnað og fleira.
- geta gert upp virðisaukaskatt.
- geta sett upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna.

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson. Iðnú, Reykjavík 2009 (2. prentun endurskoðuð 2014). Vinnubók fyrir bókhaldsverkefnin.
Nemendur fá kennslubók og vinnubók endurgjaldslaust hjá Hringsjá.

Áætlun:
Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Vikur	Námsefni - viðfangsefni	Kaflar/verkefni	vægi matshluta
36-39 31.8.- 25.9.	Kynning á áfanga. Grunnatriði bókhalds. FOB og CIF skilmálar. Innkaupakostnaður.	Verkefni 1, 2, 3, 4 og 5 (könnun 1)	**20%**
40-44 28.9.- 30.10.	Bókhaldshringrásin, vextir og áhaldareikningur	Verkefni 6, 7, 8 og 9 (könnun 2)	**20%**
45-47 1.11.- 20.11.	Kreditkort, ógreidd gjöld í lok reikningstímabils, reikningsjöfnuður með millifærslum, fyrirframgreidd gjöld í lok reikningstímabils og birgðareikningur.	Verkefni 10, 11, 12, 13 og 14 (könnun 3)	**20%**
48-50 23.11. 11.12.	Virðisaukaskattur	Verkefni 15, 16, 17, 18 og 19 (könnun 4)	**20%**
	Verkefnabók		**10%**
	Ástundun og vinnusemi		**10%**
		Samtals	**100%**

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Námsmat

Áfanginn er í símati.
Námsmat:

Könnun 1	20%
Könnun 2	20%
Könnun 3	20%
Könnun 4	20%
Vinnubók	10%
Ástundun og vinnusemi	10%
Samtals	100%

Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4,5 í hverri könnun til að ná áfanganum.